

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

10. nóvember 2011

### **Umsögn um tillögu til þingsál. um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál**

Skv. tillögunni ályktar Alþingi að fela forsætisráðherra að stýra mótun aðgerðaáætlunar um grænt hagkerfi á grundvelli tillagna nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins, þar sem m.a. er lögð áhersla á sjálfbærar orkubúskap.

#### **Sóknarfæri í grænu orkunni**

Að mati Samorku liggja mikil sóknarfæri á þessu sviði fyrir Ísland og mikilvægt að græna orkan sé þarna í forgrunni líkt og ráð er m.a. fyrir gert í texta tillögunnar, enda íslenska orkukerfið það grænasta í víðri veröld og hreinleiki íslensks neysluvatns jafnframt með því allra besta sem þekkisti og framboðið nægt.

#### **Regluverkið þegar flókið**

Samorka geldur hins vegar varhug við áherslunni á (d-liður inngangsorða) að svonefnd varúðarregla verði óaðskiljanlegur hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda. Í greinargerð með tillögunni (kaflí 2.1) er m.a. vísað í nýútkomna hvítbók um náttúruvernd varðandi skilgreiningu á umræddri reglu. Fram kemur í henni (kaflí 12.2.1) að þrátt fyrir vísindalega óvissu um hvort tilteknar aðgerðir muni hafa óæskileg áhrif á umhverfið beri eftir sem áður að grípa til fyrirbyggjandi varúðarráðstafana, „jafnvel þótt ekki sé mögulegt að sýna fram á orsakatengslin á milli tiltekinna athafna og áhrifa þeirra.“ Að mati Samorku er hætt við, og um leið óásættanlegt, að þessi regla verði túlkuð með þeim hætti að ávallt skuli grípa til varúðarráðstafana, jafnvel þótt ekki sé mögulegt að sýna fram orsakatengsl milli umræddra athafna og áhrifa af þeim. Samorka leggur því til að áfram verði stuðst við núverandi fyrirkomulag, þar sem tilteknar framkvæmdir fara í gegnum faglegt og vísindalegt mat á umhverfisáhrifum sem síðan liggur til grundvallar ákvörðun um framkvæmdir og þá hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Af sömu ástæðum gjalda samtökin varhug við tillögu nr. 7 um að ákvæðum um kostnaðar- og ábatagreiningu verði bætt inn í lög um umhverfismat áætlana og lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki kemur enda skýrt fram með hvaða hætti takast ætti á við þetta verkefni. Hér er ekki verið að biðja um neinn afslátt á því að farið sé varlega í umgengni við náttúruna, en hins vegar liggur fyrir að regluverk virkjanaf framkvæmda er óhemju flókið héraendis og verður sífellt flóknara. Enn aukinn kostnaður, beinn og óbeinn, og enn aukin óvissa í tengslum við slíkar framkvæmdir yrðu einungis til þess fallin að draga úr hagkvæmni og jafnvel úr líkum á að ráðist yrði í annars arðbæra atvinnuuppbyggingu.

Enn af sams konar ástæðu tekur Samorka ekki undir tillögu (nr. 14) um að ríkisfyrirtækjum verði gert að skila ársskýrslu í samræmi við ábendingar Global



Reporting Initiative. Sum aðildarfyrirtækja Samorku þurfa nú þegar að skila þrens konar ársreikningum – 1) þeim hefðbundna sem gerður er upp skv. alþjóða reikningskilastöðlum og skráður í ársskýrslu með venjulegum afskriftum o.fl.; 2) þá skattauppgjöri þar sem aðrar afskriftir eru heimilaðar en í venjulega grunninum, 3) og loks til Orkustofnunar þar sem m.a. eignagrunnurinn er verðbættur. Að auki má nefna grænt bókhald og þá hafa sum fyrirtækin verið að gefa út sérstakar skýrslur um umhverfismálin og í einhverjum tilvikum um samfélagsábyrgð. Loks eru mörg fyrirtækjanna með öflug og viðurkennd gæðakerfi sem m.a. taka til umhverfisstjórnunar. Lagaskylda um að öllum ríkisfyrirtækjum beri að auka enn við þessa upplýsingagjöf skv. öðrum stöðlum og viðmiðum hlýtur að geta flokkast sem óþarfa kostnaður og fyrirhöfn.

### Krafa um arðsemi

Skv. tillögu nr. 17 verður vistvæn orkunýting skilgreind sem sérstakt áherslusvið í eigendastefnu opinberra orkufyrirtækja, og verði þannig grundvallaratriði við val á orkukaupendum, að uppfylltum kröfum um arðsemi. Væntanlega er með vistvænni orkunýtingu horft til eðlis kaupenda orkunnar, nýting vatnsafls og jarðhita eru jú sannarlega vistvæn ferli héraendis. Hér vaknar hins vegar spurning um hvernig þessar arðsemiskröfur eru/verða skilgreindar. Skiptir það ekki máli ef t.d. tvöföld eða þreföld arðsemi er í boði frá öðrum verkefnum sem e.t.v. verða síður skilgreind sem vistvæn skv. einhverjum mælikvörðum, og þá hvaða mælikvörðum? Hvað með orkufyrirtæki í eigu einkaaðila? Það er umhugsunarefni hvort orkufyrirtækjum í opinberri eigu yrði skv. þessu nánast gert að undirbjóða orkufyrirtæki í einkaeigu, ef um væri að ræða verkefni sem teldust mjög vistvæn. Að mati Samorku er afar vafasamt að þessi tillaga geti átt við á samkeppnismarkaði.

### Engin ný verðmæti

Loks, varðandi hugsanlegan Auðlindasjóð (tillaga 40), minnir Samorka á að ný gjaldtaka af þeim toga skapar engin ný verðmæti, heldur mun hún í tilfelli orkuauðlinda einfaldlega hafa áhrif til hækkana á verðum orkufyrirtækja.

Þá er rétt að taka fram að þótt margt góðra hugmynda sé að finna í texta tillögunnar, þá tekur Samorka ekki undir allt annað sem segir á þessum 60 bls. Sem dæmi má nefna ábendingu (á bls. 41) um umbreytingu brennisteinsvetnis í hreinan brennistein sem nýtast myndi til iðnaðarframleiðslu. Ekki er þar um einfalt ferli að ræða og því miður er afar lítil markaður fyrir brennistein til iðnaðarframleiðslu.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri